



Judosamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6, 104 Reykjavík

49. ársþing Judosambands Íslands

Haldið í E sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

Laugardaginn 23. maí 2020 kl. 11:00

1. Þingsetning.

Jóhann Másson formaður JSÍ setur þing. Býður gesti velkomna og fer með stutt minningarorð um Naoki Murata fyrrum landsliðsþjálfara sem lést í apríl sl. Murata minnst með mínútu þögn.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Stjórn tilnefnir Ara Sigfússon, Ásgeir Erlend Ásgeirsson og Björn Sigurðarson. Tillaga samþykkt, kjörnefnd tekur til starfa.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Gerð tillaga um að Hörður Oddfríðarson fyrrum formaður Sundsambands Íslands verði fundarstjóri og Ari Sigfússon ritari JSÍ verði fundarritari. Aðrar tillögur ekki gerðar og því samþykkt.

4. Kosnar fastar nefndir

Stjórn gerir tillögu að eftirtalinni nefndarskipan:

a) **Fjárhagsnefnd:** Kristján Daðason, Bergur Pálsson og Magnús Ómarsson. Þar sem Magnús var ekki mættur tók varamaður hans Guðmann Valdimarsson sæti í nefndinni í hans stað. Tillaga með varamanni samþykkt.

b) **Laga- og leikreglanefnd:** Bjarni Friðriksson, Björn Sigurðarson og Garðar Skaptason. Tillaga samþykkt.

c) **Allsherjarnefnd:** Ásgeir Erlendur Ásgeirsson, Birkir Hrafn Jóakimsson og Eydís Mary Jónsdóttir. Tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fær samþykki fundar fyrir því að umræður um lið 5. um skýrslu fráfarandi stjórnar og lið 6. um endurskoðaða reikninga verði tekin samhliða.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Jóhann Másson fer yfir störfina á liðnu ári. Sjá nánar í ársskýrslu JSÍ 2019 sem dreift var á fundinum og birt er á vef JSÍ.

6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga JSÍ til samþykktar

Kristján Daðason leggur fram reikninga. Fundarstjóri bendir á villu í ársskýrslu, en í fyrirsögn á síðu 32 stendur 2018 í stað 2019.



Umræða um liði 5. og 6.

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN tekur til máls.

Ræðir m.a. um kynjahlutföll í íþróttinni og stjórnnum félaga og sambands.

Þakkar formanni fyrir greinargóða skýrslu. Lýsir ánægju með markaðsstarf JSÍ á samfélagsmiðlum.

Ræðir um þjálfaranámskeið m.t.t. búsetu, spyr um styrki fyrir landsbyggðarfólk. Nefnir að ekki séu fulltrúar allra félaga á þinginu.

Hrósar stjórn og þjálfurum fyrir frammistöðu í COVID faraldri.

Fundarstjóri tekur til máls og útskýrir nefndarstörf og umræðu.

Tryggvi Þór Gunnarsson JDÁ tekur til máls.

Gerir athugasemd við að skýrsla stjórnar sé of löng.

Guðmundur Stefán Gunnarsson UMFN tekur til máls.

Þakkar fyrir skýrslu og býður fram krafta sína til starfa fyrir JSÍ í kvennalandsliðsmálum.

Jóhann Másson svarar og þakkar fyrir hvatningu.

Ræðir um markmið um fjölgun kvenna í stjórnnum og víðar.

Þakkar Karen Rúnarsdóttur sem var varamaður í stjórn undangengið ár fyrir hennar störf. Ræðir um styrkveitingar til kvenna í íþróttinni og að finna mót af réttum styrkleikaflokki fyrir keppendur.

Nefnir að þjálfaranám fari fram á netinu og því sé ekki aðstöðumunur eftir búsetu.

Tekur undir að styrkir verði skoðaðir fyrir landsbyggðarfólk.

Þakkar Tryggva ábendinguna, en lýsir yfir þeirri skoðun sinni að það sé af virðingu fyrir þingið sem stjórn vinnur í umboði fyrir að greinargóð skýrsla sé er og þykir honum það mikilvægt.

Umræðum þar með lokið.

Kjörbréfanefnd kynnr niðurstöðu.

Ari Sigfússon formaður kjörbréfanefndar gerir grein fyrir niðurstöðu kjörbréfanefndar. Fundarstjóri tekur niður fjölda þingfulltrúa frá hverju félagi. Kjörbréf UMFG barst of seint og eru því lögum samkvæmt greidd atkvæði um hvort það teljist gilt. Kjörbréfið er samþykkt með 8 greiddum atkvæðum gegn 7 en einn sat hjá.

Þingfulltrúar skiptast á eftirfarandi hátt:

Júdódeild Ármanns	1
Júdódeild Grindavíkur (UMFG)	1
Júdódeild ÍR	1
Júdódeild Njarðvíkur (UMFN)	3
Júdódeild Selfoss (UMFS)	3
Júdódeild Þróttar (UMFÞ)	1
Júðfélag Reykjavíkur	6
Pardus Blönduósi (USAH)	1

Samtals **17**



Reikningar bornir upp til atkvæða

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúi ÍSÍ tekur til máls undir þessum lið

Andri Stefánsson fulltrúi ÍSÍ tekur til máls.

Fagnar mánudeginum og að íþróttastarf verði á ný heimilt eftir samkomubann. Minnir fólk á að gæta varúðar. Ræðir um samstöðu og samvinnu. Flytur kveðju frá yfirstjórn ÍSÍ. Ræðir íþróttir á breiðum grundvelli, einnig um mikilvægi íþróttar fyrir almenning.

Nefnir fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Talar um breytt umhverfi í íþróttum vegna COVID.

Engir smáþjóðaleikar verða haldnir í Andorra 2021.

Ræðir um úthlutun úr afrekssjóði og eflingu starfs. Hæfileikamótun, þjálfaramenntun, dómaramál og yngri iðkendur.

Ræðir um brúttó- og nettóbókhald íþróttasambanda.

Bendir gjaldkera á að æskilegt hefði verið að hafa fjárhagsáætlun fyrra árs við hlið ársreiknings og meiri sundurliðanir á gjaldaliðum.

Pakkar JSÍ fyrir gott samstarf og óskar velfarnaðar.

7. Stjórn JSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Kristján Daðason mælir fyrir tillögu að fjárhagsáætlun. Erfiðari áætlanagerð í ár en fyrri ár vegna COVID. Mikil óvissa um mótafjölda á árinu.

Tryggvi Þór Gunnarsson spyr úr sæti um ríkisstyrk.

Andri Stefánsson fulltrúi ÍSÍ tekur til máls og útskýrir ríkisstyrkinn.

Andri spyr um skiptingu kostnaðar í fjárhagsáætlun.

Kristján Daðason þakkar ábendingar um sundurliðun á mótakostnaði.

Umræðu lokið. Áætlun send til fjárhagsnefndar.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar sem fram hafa komið

Fundarstjóri fer yfir þingskjöl. Alls bárust 13 þingskjöl, tvö þeirra dregin til baka. Öðrum þingskjölum vísað til laga- og leikreglunefndar til meðhöndlunar.

Þingskjölin eru:

Þingskjal 1. Tækniráð leggur til breytingu á grein 1.4. í gráðureglum um niðurfellingu skyldu um námskeið fyrir dan gráðupróf.

Þingskjal 2. Tækniráð leggur til breytingu á grein 1.6 í gráðureglum um niðurfellingu skyldu þess að gráðudómarar hafi tekið gráðudómaranámskeið.

Þingskjal 3. Tækniráð leggur til breytingu á grein 1.10 í gráðureglum um skilyrði um heiðursgráðun.



Þingskjal 4. Tækniráð leggur til breytingu á grein 3.1 í gráðureglum um skilyrði II fyrir 1. dan.

Þingskjal 5. Stjórn Júðódeildar UMFN leggur til breytingu á 5. grein laga JSÍ um fulltrúafjölda á þingi.

Þingskjal 6. Stjórn Júðódeildar UMFN leggur til breytingu á 5. grein laga JSÍ er varðar hverjum skuli senda gögn fyrir ársþing.

Þingskjal 7. Stjórn Júðódeildar UMFN leggur til að 8. grein laga JSÍ um heiðursformann verði felld úr gildi og til vara að breytingu á sömu grein.

Þingskjal 8. Stjórn Júðódeildar UMFN leggur til breytingu á 9. og 10. grein laga JSÍ um að núverandi tækniráð verði lagt niður og þess í stað skipuð tækninefnd.

Þingskjal 9. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 1. grein laga JSÍ. Varðar breytingu á heiti sambandsins og niðurfellingu broddstafa.

Þingskjal 10. Stjórn JSÍ leggur til breytingu á 10. grein laga JSÍ um auknar kröfur um gráðu einstaklinga sem og fjölda einstaklinga í tækniráði.

Þingskjal 11. Júðódeild Ármanns leggur til breytingu á grein 1.6 í gráðureglum um námskeið gráðudómara. Þingskjal þetta var dregið til baka sakir líkinda við þingskjal 2.

Þingskjal 12. Júðódeild Ármanns leggur til breytingar á 2. grein í gráðureglum JSÍ. Þingskjal þetta var dregið til baka.

Þingskjal 13. Júðódeild Ármanns leggur til breytingar á grein 3.1 í gráðureglum er varðar skilyrði II til heimildar á prófi fyrir 1. dan.

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

9.1 Verklagsreglur um aðgangsstýringu

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN tekur til máls um innsent erindi varðandi skjalastjórnun og aðgangsstýringu. Hvetur stjórn til að taka upp skjalastjórnun.

Jóhann Másson formaður JSÍ til svara um aðgangsstýringu að gagnagrunni og verklagsreglur. Björn Sigurðarson var fenginn til að gera úttekt á aðgangsstýringu og breytingastjórnun í gagnagrunni JSÍ. Aðgangur er tryggur og kom það skýrt fram að þjálfarar klúbba geta ekki breytt skráningu annarra klúbba, það sé einfaldlega ekki hægt. Einnig fá þjálfarar spurningu hvort þeir séu vissir þegar þeir senda inn skráningu þar sem skráning læsist þegar henni er lokið. Verklag er innbyggt í gagnagrunn og því ekki þörf á frekari gæðastýringu á skráningarkerfi JSÍ.



9.2 Verklagsreglur fyrir undirbúning móta

Eydís Mary Jónsdóttir UMFN tekur til máls og ræðir um verklag við mótaframkvæmd og skráningu á mót.

Jóhann Mátsson til andsvara. Ekki er hægt að fíkta í skráningum. Verklagsreglur eru til í JSÍ mótareglum og IJF reglum. Nefnir dæmi um tilslakanir sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Snúa einkum að yngri iðkendum. – seinar skráningar, keppendur sem ekki standast vigt fá að færast milli flokka, þjálfurum veittar upplýsingar fyrirfram um hvort keppendur fái keppni, á einkum við um þyngstu og léttustu flokka.

Fundarstjóri tekur saman umræður og leggur til að gerð verði tillaga til nefndar.

9.3 Siðareglur.

Fundarstjóri bendir á reglur ÍSÍ um siðareglur.

Eydís Mary Jónsdóttir UMFN tekur til máls um siðareglur fyrir JSÍ. Ræðir um samskipti þjálfara milli deilda og að þau séu ekki í lagi.

Fundarstjóri ber undir þing hvort eigi að fjalla um efnislega.

Andri Stefánsson ÍSÍ tekur til máls og bendir á að svona mál komi inn sem formleg erindi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN tekur til máls og ræðir um sóknarfæri. Ekki áfellingdómur og óskar eftir að málið verði tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Arnar Ólafsson varaformaður JSÍ (UMFS) tekur til máls og segist ósammála fundarstjóra um efnislega meðhöndlun á þingi.

9.4 Landsliðsmál

Í raun er hér um að ræða margar tillögur. Fundarstjóri leggur til að þessum lið verði vísað til stjórnar til umfjöllunar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Arnar Ólafsson sem verið hefur í forsvari fyrir afreksnefnd JSÍ tekur til máls og fagnar erindinu.

9.5 Breytingar á keppnisreglum

Guðmundur Stefán Gunnarsson UMFN tekur til máls um skrýtin vinnubrögð sem viðhöfð voru af stjórn við breytingu á keppnisreglum.

Jóhann Mátsson formaður JSÍ svarar. Viðurkennir að stjórn hafi ekki farið rétt að við breytingu á keppnisreglum þar sem málið var ekki borið undir tækniráð. Málið hefur fengið rétta meðhöndlun, þ.e. umfjöllun tækniráðs, tillögu þaðan til stjórnar og munu nýjar reglur gilda frá og með hausti 2020.

9.6 Kynningar

Málið varðar störf landsliðsmanna við kynningar á íþróttinni. Færast undir önnur mál.



9.7 Stuðningur við nýjar deildir

Málið varðar kaup JSÍ á dýnum til láns til nýrra félaga. Tillaga send til fjárhagsnefndar.

9.8 Upplýsingagjöf JSÍ.

Fundarstjóri les upp erindi um birtingu fundargerða o.fl.

Arnar Ólafsson varaformaður JSÍ tekur til máls. Ræðir um fundargerðir stjórnar segir meirihluta stjórnar sammála því að birta þær ekki þar sem þær séu ítarlegar.

Það liggur fyrir ósk til stjórnar um að eldri þinggerðir Júðóþinga verði birtar, þ.e. frá 2016 og fyrr.

Fundarstjóri talar um að mögulegt sé að birta skemmri útgáfu af fundargerðum stjórna.

Eydís Mary Jónsdóttir tekur til máls og óskar eftir betri aðgangi að starfinu. Þakkar fyrir auknar upplýsingar á heimasíðu JSÍ sem komið hafa inn nýverið.

9.9 Reglur ráða og nefnda.

Jóhann Mátsson formaður JSÍ tekur til máls og svarar því að reglur séu til fyrir ráð og nefndir og hafi verið birtar eða verði birtar á heimasíðu JSÍ. Undanskildar eru reglur um dómara sem eru í endurskoðun en eldri reglur eru úreltar.

Guðmundur Stefán Gunnarsson UMFN tekur til máls um reglur aganefndar. Stjórn JSÍ hafi fengið umboð til að gera reglur um aganefnd. GSG spyr hvort þessar reglur verði teknar fyrir á þingi.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn JSÍ væri með það á dagskrá þessa þings að leggja þær fyrir. Fundarstjóri leggur til að aganefndarreglum verði vísað til allsherjarnefndar. Samþykkt.

9.10 Uppfærsla félagaskiptablaðs

Félagaskiptaformi hefur verið breytt og það sett í Word format til að auðvelda notkun. Eydís Mary Jónsdóttir þakkar fyrir uppfærsluna.



Fundarstjóri gerir þinghlé frá 13:35 til 14:15

Þing hefst að nýju.

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

a) Frá fjárhagsnefnd. Tekin fyrir fjárhagsáætlun, merkt þingskjal 14.

Kristján Daðason gjaldkeri JSÍ mælir fyrir fjárhagsáætlun. Engar breytingar voru gerðar í nefndinni. Kostnaður er meira brotinn niður í vinnuskjali.

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN spyr um dýnumál. KD svarar að lánsdýnur séu ekki inni í fjárhagsáætlun.

Tryggvi Þór Gunnarsson JDÁ spyr um ábendingar Andra Stefánssonar og hvort næsta áætlun verði ekki brotin meira niður.

Atkvæðagreiðsla fer fram. **Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.**

b) Frá laga- og leikreglanefnd.

Garðar Skaptason UMFS formaður laga- og leikreglanefndar gerir grein fyrir niðurstöðum nefndar og skjöl tekin jafn óðum til atkvæðagreiðslu.

Þingskjal 1. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt, 3 atkvæði á móti.

Þingskjal 2. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3. Nefnd leggur til að tillaga verði samþykkt óbreytt. Samþykkt, 1 atkvæði á móti.

Þingskjal 4. Nefnd leggur til að skjal 4 verði sameinað skjali 13 í nýju þingskjali 15 þar sem 4 og 13 voru mjög keimlík.

Þingskjal 5. Nefnd leggur til að máli verði hafnað þar sem tillagan sé vanreifuð. Þingskjali hafnað samhljóða.

Þingskjal 6. Nefnd leggur til að máli verði hafnað, enda sé félögum frjálst að senda tillögur á aðildarfélög auk JSÍ. Þingskjali hafnað, með 2 atkvæðum á móti höfnun.

Þingskjal 7. Formaður nefndar tekur fram að Bjarni Friðriksson hafi vikið sæti þegar rætt var um þetta þingskjal þar sem efni skjalsins varði hann sem heiðursformann. Nefnd leggur til að skjalinu verði hafnað. ÍSÍ hafi sambærilegt ákvæði í sínum lögum. Þingskjali hafnað með 3 atkvæðum á móti höfnun.

Þingskjal 8. Nefnd leggur til að skjalinu verði hafnað. Þingskjali hafnað með 3 atkvæðum á móti höfnun.

Þingskjal 9. Nefnd leggur til að skjalið verði samþykkt óbreytt. Þingskjal samþykkt, 1 atkvæði á móti.



Þingskjal 10. Nefnd leggur til að skjalið verið samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

~~Þingskjal 11.~~ Var dregið til baka og fór ekki til nefndar.

~~Þingskjal 12.~~ Var dregið til baka og fór ekki til nefndar.

Þingskjal 13. Nefnd leggur til að skjal 13 verði sameinað skjali 4 í nýju þingskjali 15 þar sem 13 og 4 eru mjög keimlík.

Þingskjal 14 Fjárhagsáætlun, sjá umfjöllun í kafla um fjárhagsnefnd á undan.

Þingskjal 15 Sameinuð tillaga laga- og leikreglnanefndar að skjölum 4 og 13. Fundarstjóri ber upp tillögu um að taka sameinaða tillögu á dagskrá. Það samþykkt og gengið til atkvæða um nýtt þingskjal. Samþykkt með 1 atkvæði á móti.

Þar með lauk umfjöllun um mál laga- og leikreglnanefndar.

c) Allsherjarnefnd

Nýjum reglum um aganefnd vísað til allsherjarnefndar.

Ásgeir Erlendur Ásgeirsson ÍR mælir fyrir álitum allsherjarnefndar sem gerir athugasemd við 2. grein reglna um að þjálfarar og virkir keppendur geti ekki verið í aganefnd.

Tryggvi Þór Gunnarsson JDÁ tekur til máls og segist ósammála niðurstöðu allsherjarnefndar.

ÁEA svarar því að erfitt sé að fá fólk til að taka þátt í félagsstörfum. Með þeim fjölda varamanna sem sé fyrir hendi ættu nefndarmenn að geta vikið sæti sé um hagsmunaárekstra að ræða.

Arnar Ólafsson varaformaður JSÍ tekur til máls um málsmeðferð.

Silja Dögg Gunnarsdóttir tekur til máls um reglur um aganefnd.

Borin upp breytingartillaga allsherjarnefndar um að fella út ákvæði í 2. grein. Atkvæðagreiðsla fer 6 atkvæði með 10 á móti. Breytingartillaga felld.

Nýjar reglur aganefndar bornar upp til samþykkis og samþykktar.

11. Kjör heiðursformanns

Engar tillögur lágu fyrir um kjör á heiðursformanni.



12. Önnur mál

Tvær tillögur sem samþykkt var að teknar yrðu fyrir undir önnur mál teknar fyrir .

I) Svohljóðandi tillaga UMFN:

Lagt er til að stjórn um að stjórn JSÍ geri og vinni skv. verklagsreglum um:

- a) skjalastjórnun (aðgangsstýringar)
- b) undirbúning móta
- c) siðareglur

Enginn tekur til máls.

Greidd atkvæði um tillöguna. 10 á móti 5 með. Tillagan felld.

II) Svohljóðandi tillaga frá UMFN:

Lagt er til að stjórn JSÍ „greiði“ landsliðsmönnum fyrir að kynna íþróttina.

Greiðslur geta verið í formi styrks til keppnis- og æfingaferða erlendis.

Eydís Mary Jónsdóttir UMFN tekur til máls. Vill að landsliðsmenn verði sýnilegir og stundi kynningar.

Jóhann Másson formaður JSÍ tekur til máls og þakkar góða hugmynd. Allir fjármunir séu nú þegar nýttir. Leggur til að þetta verði hluti af skyldum landsliðsmanna skv. samningi. Tillagan borin undir atkvæði og felld með öllum atkvæðum.

Tryggvi Þór Gunnarsson JDÁ kveður sér hljóðs og bendir á að erfitt hafi verið að fá upplýsingar um hvar nefndir voru að störfum í þinghléi. Verði bætt úr á næsta þingi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir UMFN tekur til máls og þakkar fyrir gott þing. Sátt við að umræður hafi skapast um tillögur UMFN þrátt fyrir að tillögur hafi verið felldar. Tekur undir með TPG um staðsetningu og aðgengi að nefndum.

Fleira ekki rætt undir liðnum önnur mál.

Þegar kom að lið 13. um kosningar þurfti einn þingfulltrúa UMFN frá að hverfa. Er það skýringin á því hvers vegna aðeins 16 atkvæði eru virk af 17 samþykktum kjörbréfum.

13. Kosnir 3 menn í aganefnd og 3 til vara

Stjórn JSÍ gerir tillögu að eftirtöldum aðalmönnum í aganefnd.

- Teitur Sveinsson
- Haraldur Baldursson
- Víkingur Víkingsson

Júdódeild Ármanns leggur til að í kjöri verði einnig Halldór Sveinsson.

Gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu. Skrifuð skuli 3 nöfn á seðil, hvorki fleiri né færri ella teljist seðillinn ógildur.



Atkvæði talin og féllu þau þannig:

Teitur Sveinsson 16 atkvæði
Haraldur Baldursson 11 atkvæði
Víkingur Víkingsson 16 atkvæði.
Halldór Sveinsson 5 atkvæði.

Aðalmenn í aganefnd eru því: Teitur Sveinsson, Haraldur Baldursson og Víkingur Víkingsson.

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum varamönnum í aganefnd.

Tryggvi Þór Gunnarsson
Daníel Reynisson
Ásgeir Erlendur Ásgeirsson

Tryggvi Þór Gunnarsson dregur sig til baka. Í stað hans komi Halldór Sveinsson

Ekki komu fleiri tillögur að varamönnum í aganefnd.

Varamenn eru því: Daníel Reynisson, Ásgeir Erlendur Ásgeirsson og Halldór Sveinsson.

14. Kosnir 3 menn í dómaranefnd og 3 til vara

Tillaga að dómaranefnd:

Aðalmenn: Sævar Sigursteinsson, Björn Sigurðarson, Birkir Hrafn Jóakimsson
Varamenn: 1. vm. Jón Sigurðsson, 2. vm. Daníel Ólason, 3. vm. Yoshihiko Iura

Engar aðrar tillögur bárust og eru ofangeindir því aðal- og varamenn í dómaranefnd.

15. Kosning fulltrúa á ÍSí þing.

Samhjóða samþykkt að vísa til stjórnar. Misræmi er í lögum JSÍ þar sem í 11. grein er talað um að hlutverk stjórnar sé m.a. að skipa fulltrúa á ÍSí þing. Stjórn komi með lagabreytingatillögu fyrir næsta þing.



16. Kosning stjórnar, varamanna í stjórn og skoðunarmanna

Á slétttölu ári eru 4 stjórnarmenn í kjöri. Fráfarandi stjórnarmenn eru: Arnar Freyr Ólafsson, Kristján Daðason, Björn Sigurðarsson og Ásgeir Erlendur Ásgeirsson.

Ásgeir og Björn gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Stjórn gerir tillögu að eftirtöldum aðilum í framboð til aðalstjórnar:

Arnar Freyr Ólafsson
Bjarni Skúlason
Karen Rúnarsdóttir
Kristján Daðason

Fram kemur framboð Gunnars Arnar Guðmundssonar UMFN

Guðmundur Stefán Gunnarsson UMFN kveður sér hljóðs og bendir þingi á að Karen Rúnarsdóttir sem sé í framboði hafi lýst því yfir að hún ætli að gera út um Njarðvík. (innskot fundarritara, ekki endilega nákvæmlega haft eftir en þetta var inntak ræðu GSG). Lýsir því yfir að á næstu vikum muni ýmislegt koma í ljós um Karen Rúnarsdóttur.

Karen Rúnarsdóttir svarar fyrir sig. Bendir á að í starfi sínu fyrir UMFN hafi hún orðið vör við ýmislegt misjafnt og að leiðindi þessi byggji á að hún hafi tilkynnt brot GSG í störfum fyrir deildina.

Gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu. Skrifuð skulu 4 nöfn á seðilinn, hvorki fleiri né færri, ella sé hann ógildur.

Niðurstaða kosningar fékkst eftir tvöfalda talningu og var hún eftirfarandi:

Arnar Freyr Ólafsson	16 atkvæði
Bjarni Skúlason	15 atkvæði
Gunnar Örn Guðmundsson	4 atkvæði
Karen Rúnarsdóttir	13 atkvæði
Kristján Daðason	16 atkvæði.

Aðalmenn í stjórn eru því: Arnar Freyr Ólafsson, Bjarni Skúlason, Karen Rúnarsdóttir og Kristján Daðason.

Kosið um 3 varamenn í stjórn JSÍ.

Stjórn leggur til að varastjórn verði skipuð eftirtöldum aðilum:

1. vm. Teitur Sveinsson
2. vm. Logi Haraldsson
3. vm. Arnar Þór Sigurðsson

Umræða um hvort Teitur sé kjörgengur sem varamaður þar sem hann situr í aganefnd.



Arnar Freyr Ólafsson tekur til máls um að þing geti tekið afstöðu til þess hvort Teitur sé kjörgengur.

Silja Dögg Gunnarsdóttir tekur til máls og telur ósnyrtilegt að varamenn í stjórn geti jafnframt setið í aganefnd. Hafi of miklar upplýsingar. Eðli hlutverka vara- og aðalmanna í stjórn sé það sama.

Tillaga um að Eydís Mary Jónsdóttir taki sæti í varastjórn.

Fundarstjóri ber upp til atkvæða hvort varamaður í stjórn JSÍ geti jafnframt verið í aganefnd.

Atkvæði falla þannig að 8 eru með og 6 á móti.

Fundarstjóri hvetur til að reglur verði skýrðar.

Gengið til atkvæða um 1. varamann stjórnar.
Í kjöri eru Eydís Mary Jónsdóttir og Teitur Sveinsson.
Atkvæði falla þannig að Eydís fær 4 og Teitur 12.

1.varamaður er því Teitur Sveinsson.

Gengið til atkvæða um 2. varamann stjórnar.
Í kjöri eru Eydís Mary Jónsdóttir og Logi Haraldsson.
Atkvæði falla þannig að Eydís fær 4 og Logi 12.

1.varamaður er því Logi Haraldsson.

Gengið til atkvæða um 3. varamann stjórnar.
Í kjöri eru Eydís Mary Jónsdóttir og Arnar Þór Sigurðsson.
Atkvæði falla þannig að Eydís fær 4 og Arnar Þór 12.

1.varamaður er því Arnar Þór Sigurðsson.

Skoðunarmenn reikninga.

Runólfur Gunnlaugsson er sjálfkjörinn skoðunarmaður reikninga og Gísli Jón Magnússon sjálfkjörinn varamaður.

17. Þingslit

Jóhann Másson formaður JSÍ þakkaði fundarmönnum fyrir þing og sleit þingi um kl. 16:20

Sjá nánar töflur yfir stjórnar- og nefndarmenn á öftustu síðu.



Tafla 1. Nöfn og kjörtímabil aðalstjórnarmanna JSÍ.

Aðalstjórn (skiptir með sér verkum á fyrsta fundi)			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Jóhann Másson	Formaður	2019	2021
Ari Sigfússon	Meðstjórnandi	2019	2021
Birkir Hrafn Jóakimsson	Meðstjórnandi	2019	2021
Arnar Freyr Ólafsson	Meðstjórnandi	2020	2022
Bjarni Skúlason	Meðstjórnandi	2020	2022
Karen Rúnarsdóttir	Meðstjórnandi	2020	2022
Kristján Daðason	Meðstjórnandi	2020	2022

Tafla 2. Nöfn varastjórnarmanna JSÍ 2020-2021

Varastjórn			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Teitur Sveinsson	1.varamaður	2020	2021
Logi Haraldsson	2.varamaður	2020	2021
Arnar Þór Sigurðsson	3.varamaður	2020	2021

Tafla 3. Skipan aganefndar 2020-2021

Aganefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Haraldur Baldursson	Aðalmaður	2020	2021
Teitur Sveinsson	Formaður	2020	2021
Víkingur Víkingsson	Aðalmaður	2020	2021
Ásgeir Erlendur Ásgeirsson	Varamaður	2020	2021
Daníel Reynisson	Varamaður	2020	2021
Halldór Sveinsson	Varamaður	2020	2021

Tafla 4. Skipan dómarnefndar 2020-2021

Dómarnefnd			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Björn Sigurðarson	Aðalmaður	2020	2021
Birkir Hrafn Jóakimsson	Aðalmaður	2020	2021
Sævar Sigursteinsson	Aðalmaður	2020	2021
Jón Sigurðsson	Varamaður	2020	2021
Daníel Ólason	Varamaður	2020	2021
Yoshihiko Iura	Varamaður	2020	2021

Tafla 5. Skoðunarmenn reikninga 2020-2021

Skoðunarmenn reikninga			
Nafn	Hlutverk	Kjörinn frá	Kjörinn til
Runólfur Gunnlaugsson	Skoðunarmaður	2020	2021
Gísli Jón Magnússon	Varaskoðunarm.	2020	2021